

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2010/EES/6/54

frá 4. febrúar 2008

um samræmda vöktunaráætlun Bandalagsins fyrir árið 2008 í því skyni að tryggja að virt séu ákvæði um hámarksgildi varnarefnaleifa í og á kornvörum og tilteknum öðrum vörum úr jurtaríkinu og um landsbundnar vöktunaráætlanir fyrir árið 2009 (*)

(tilkynnt með númeri C(2008) 369)

(2008/103/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

varnarefnaleifa á landsvísu geta aðildarríkin eingöngu greint sýni úr átta matvælategundum ár hvert innan samræmdrar vöktunaráætlunar. Notkun varnarefna breytist á þriggja ára tímabili. Því skal almennt vakta hvert varnarefni í 20-30 matvælategundum í röð þriggja ára tímabila.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 211. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/362/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum ⁽¹⁾, einkum b-lið 2. mgr. 7. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/642/EBE frá 27. nóvember 1990 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum ⁽²⁾, einkum b-lið 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipunum 86/362/EBE og 90/642/EBE er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli smám saman koma á kerfi sem gerir kleift að meta fæðutengd váhrif af völdum varnarefna. Til þess að raunsætt mat sé mögulegt skulu liggja fyrir gögn um vöktun varnarefnaleifa í fjölda matvælategunda sem eru uppistaðan í mataræði Evrópubúa. Almennt er viðurkennt að u.þ.b. 20-30 fæðutegundir eru uppistaðan í mataræði Evrópubúa. Með þeim úrræðum sem fyrir hendi eru varðandi vöktun

2) Árið 2008 skal vakta þær varnarefnaleifar sem falla undir þessi tilmæli svo að unnt sé að nota gögnin til þess að meta raunveruleg fæðutengd váhrif. Þar eð vöktunin verður að ná yfir þriggja ára tímabil og til að gera aðildarríkjunum kleift að leggja fram vöktunaráætlanir sínar fyrir árið 2009 er rétt að setja einnig fram ábendingar í þessum tilmælum um vöktunina sem fram á að fara 2009 og 2010.

3) Á grundvelli tvíliðudreifingar er unnt með meira en 99% öryggi að reikna út að með því að framkvæma prófanir á 642 sýnum sé hægt að greina sýni sem innihalda varnarefnaleifar yfir greiningarmörkum (LOD), að því tilskildu að ekki minna en 1% af afurðum úr jurtaríkinu innihaldi leifar yfir þeim mörkum. Söfnun þessara sýna skal deilt niður á aðildarríkin á grundvelli íbúa- og neytendafjölda og taka skal að lágmarki 12 sýni á hverja vöru á hverju ári.

4) Viðmiðunarreglur varðandi aðferðir við gæðaeftirlit með greiningu varnarefnaleifa eru birtar á vefsíðu framkvæmdastjórnarinnar ⁽³⁾. Það hefur verið samþykkt að rannsóknarstofur í aðildarríkjunum skuli beita þessum viðmiðunarreglum eins og unnt er og skulu þær vera í stöðugri skoðun í ljósi fenginnar reynslu af vöktunaráætlunum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 36, 9.2.2008, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 28, 28.5.2009, p. 16.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 221, 7.8.1986, bls. 37. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/73/EB (Stjtið. ESB L 329, 14.12.2007, bls. 40).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 350, 14.12.1990, bls. 71. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2007/73/EB.

⁽³⁾ Skjal SANCO/3131/2007 frá 31. október 2007 (http://europa.eu.int/comm/food/plant/protection/resources/qualcontrol_en.pdf).

5) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB frá 11. júlí 2002 um sýnatökuaðferðir innan Bandalagsins við opinbert eftirlit með leifum varnarefna í og á vörum úr jurta- og dýraríkinu og niðurfellingu á tilskipun 79/700/EBE⁽¹⁾ koma fram sýnatökuaðferðir og verklag sem alþjóðamatvæslaskráráðið (Codex Alimentarius Commission) mælir með.

6) Að því er varðar greiningar á dýraafurðum sem áætlað er að fari fram 2009 og eftirleiðis þurfa opinberar rannsóknarstofur, til þess að unnt sé að aðlaga þær í samræmi við þessi tilmæli, að fá upplýsingar með góðum fyrirvara um hvaða varnarefni og vörur úr dýraríkinu eigi að greina en samsetningar varnarefna og vara eru tilgreindar í I. viðauka með „(d)“.

7) Samkvæmt tilskipunum 86/362/EBE og 90/642/EBE skulu aðildarríkin tilgreina þær viðmiðanir sem gengið er út frá við gerð landsbundinna skoðunaráætlana þeirra. Einnig skal tilgreina þær viðmiðanir, sem farið er eftir við ákvörðun á fjölda sýna sem taka skal og fjölda efnagreininga sem skal framkvæma, þau mörk, þar sem skylda er að tilkynna um leifar, og þær viðmiðanir, sem lagðar eru til grundvallar þegar þessi mörk eru fastsett, og upplýsingar um faggildingar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt⁽²⁾. Að því er varðar faggildingun rannsóknarstofa skal taka tillit til undanþágunnar sem kveðið er á um í 18. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2005 frá 5. desember 2005 um bráðabirgðafyrirkomulag við framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004 og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004⁽³⁾. Einnig skal tilgreina fjölda og tegund brota og aðgerða sem gripið er til.

8) Hámarksgildi leifa í barnamat hefur verið ákvarðað í samræmi við 6. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 91/321/EBE frá 14. maí 1991 um ungbarnablöndur og stoðblöndur⁽⁴⁾ og 7. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB frá 5. desember 2006 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn⁽⁵⁾.

9) Upplýsingar um niðurstöður úr vöktunaráætlunum henta einkum við meðhöndlun, geymslu og flutning með rafrænum aðferðum eða aðferðum upplýsingatækni.

Eyðublöð hafa verið útbúin svo að aðildarríkin geti sent framkvæmdastjórninni upplýsingar í tölvupósti. Aðildarríkin ættu því að geta sent skýrslur sínar til framkvæmdastjórnarinnar á stöðluðu eyðublaði. Skilvirkast er að framkvæmdastjórnin semji viðmiðunarreglur til að þróa stöðluðu eyðublöðin enn frekar.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

LAGT TIL EFTIRFARANDI:

1. Aðildarríkin eru hvött til þess, á árinu 2008, að taka sýni úr og greina þær samsetningar af vörum og varnarefnaleifum sem eru tilgreindar í I. viðauka en þegar um dýraafurðir í d-lið er að ræða er það á árinu 2009 og eftirleiðis. Í II. viðauka er tilgreint hversu mörg sýni hvert aðildarríki skal taka úr hverri vöru, sem endurspeglar á viðeigandi hátt þá hlutdeild sem aðildarríkið sjálft, Bandalagið og þriðju lönd hafa á markaði viðkomandi aðildarríkis.

Framleiðslueiningin, sem á að taka sýni úr, skal valin af handahófi í samræmi við vöktunaraðferð.

Sýnatökuaðferðin og fjöldi eininga skulu vera í samræmi við tilskipun 2002/63/EB.

2. Meðal sýnanna, sem hvert aðildarríki tekur og greinir í samræmi við I. og II. viðauka, skulu a.m.k. vera:

a) tíu sýni úr barnamat sem er að mestu leyti úr grænmeti, ávöxtum eða korni,

b) eitt sýni, sé það fyrir hendi, úr afurðum úr lifrænum búskap sem endurspeglar markaðshlutdeild lifrænna afurða í hverju aðildarríki.

3. Aðildarríkin eru hvött til að skýra frá niðurstöðum greininga á sýnum, sem hafa verið prófuð fyrir samsetningum af vörum og varnarefnaleifum, sem er mælt fyrir um í I. viðauka, í síðasta lagi 31. ágúst 2009 og tilgreina:

a) hvaða greiningaraðferðir eru notaðar og hvaða mörkum, sem skylt var að tilkynna um, er náð, í samræmi við aðferðir við gæðaeftirlit sem mælt er fyrir um varðandi aðferðir við gæðaeftirlit með greiningu varnarefnaleifa,

b) fjölda og tegund brota og aðgerðir sem gripið var til vegna þeirra.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 187, 16.7.2002, bls. 30.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. ESB L 191, 28.5.2004, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1791/2006 (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 1).

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 83. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1246/2007 (Stjtið. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 21).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 175, 4.7.1991, bls. 35. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2006/82/EB (Stjtið. ESB L 362, 20.12.2006, bls. 94).

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 339, 6.12.2006, bls. 16.

4. Skýrslan skal lögð fram á sniði, þ.m.t. rafrænt snið, sem er í samræmi við viðmiðunarreglur fyrir aðildarríkin sem fastanefndin um matvælaferlið og heilbrigði dýra samdi með tilliti til þess að koma í framkvæmd tilmælum framkvæmdastjórnarinnar um samræmdar vöktunaráætlanir Bandalagsins.

Skýra skal frá niðurstöðum, sem fást úr sýnum úr barnamat og úr lífrænum landbúnaðarafurðum, á sérstökum gagnablöðum.

5. Aðildarríkin eru hvött til þess að senda framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum, í síðasta lagi 31. ágúst 2008, þær upplýsingar sem er krafist skv. 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 86/362/EBE og 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/642/EBE um vöktun á árinu 2007 til að tryggja, a.m.k. með sýnatöku til samanburðar, samræmi við hámarksgildi varnarefnaleifa, þ.m.t.:

a) niðurstöður úr landsáætlunum sínum varðandi varnarefnaleifar,

b) upplýsingar um aðferðir við gæðaeftirlit innan rannsóknarstofanna, einkum upplýsingar um þá þætti viðmiðunarreglnanna er varða aðferðir við gæðaeftirlit með greiningu varnarefnaleifa sem þau hafa ekki getað notast við eða átt erfitt með að nota,

c) upplýsingar um faggildingun rannsóknarstofanna, sem framkvæma greiningarnar, í samræmi við ákvæði 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004, þ.m.t. gildissvið

faggildingarinnar, faggildingarstofnun og afrit af faggildingarvottorði

d) upplýsingar um hæfnisprófanir og hringprófanir sem rannsóknarstofan hefur tekið þátt í.

6. Aðildarríkin eru hvött til þess að senda framkvæmdastjórninni, í síðasta lagi 30. september 2008, landsáætlun sína um vöktun á hámarksgildum varnarefnaleifa sem voru fastsett með tilskipun 90/642/EBE og 86/362/EBE fyrir árið 2009, þ.m.t. upplýsingar um:

a) viðmiðanirnar sem eru notaðar til að ákveða fjölda sýna, sem taka skal, og greiningar sem á að framkvæma,

b) þau mörk sem notuð eru og viðmiðanirnar sem lagðar eru til grundvallar þegar þessi mörk eru fastsett og

c) upplýsingar um faggildingun rannsóknarstofanna samkvæmt reglugerð (EB) nr. 882/2004.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

SAMSETNINGAR AF VARNAREFNALEIFUM OG VÖRUM SEM BER AÐ VAKTA

	2008	2009 (*)	2010 (*)
Asefat	(a)	(b)	(c)
Asetamípríð	(a)	(b)	(c)
Aldíkarb	(a)	(b)	(c)
Amitras		(b)	(c)
Asinfosmetýl	(a)	(b)	(c)
Asoxýstróbín	(a)	(b)	(c)
Benómýl + karbendasím (gefið upp sem karbendasím)	(a)	(b)	(c)
Bífentrín	(a)	(b) (d)	(b) (d)
Heildarbrómíð		(b)	(c)
Brómóprópýlat	(a)	(b)	(c)
Búpírímat	(a)	(b)	(c)
Búprófesín	(a)	(b)	(c)
Kaptan	(a)	(b)	(c)
Fólpet	(a)	(b)	(c)
Karbarýl	(a)	(b)	(c)
Klófentesín	(a)	(b)	(c)
Klórmeqvát (**)	(a)	(b)	(c)
Klórþalóníl	(a)	(b)	(c)
Klórprófam	(a)	(b)	(c)
Klórþýrifos	(a)	(b) (d)	(b) (d)
Klórþýrifosmetýl	(a)	(b) (d)	(b) (d)
Sýpermetrín	(a)	(b) (d)	(b) (d)
Sýpródíníl	(a)	(b)	(c)
Deltametrín	(a)	(b) (d)	(b) (d)
Díasínón	(a)	(b) (d)	(b) (d)
Díklóflúaníð	(a)	(b)	(c)
Díklórvos	(a)	(b)	(c)
Díkófol	(a)	(b)	(c)
Dímetóat + Ómetóat (summan gefin upp sem dímetóat)	(a)	(b)	(c)
Dínókap		(b)	(c)
Dífenýlamín	(a)	(b)	(c)
Endósúlfan	(a)	(b) (d)	(b) (d)
Fenarímól	(a)	(b)	(c)
Fenhexamíð	(a)	(b)	(c)
Fenitróþíón	(a)	(b)	(c)
Flúdíoxóníl	(a)	(b)	(c)
Flúsílasól	(a)	(b)	(c)

	2008	2009 (*)	2010 (*)
Glýfosat (***)			(c)
Hexakónasól	(a)	(b)	(c)
Hexýþíasox	(a)	(b)	(c)
Ímasalíl	(a)	(b)	(c)
Ímidaklópríð	(a)	(b)	(c)
Indoxakarb	(a)	(b)	(c)
Ípródíón	(a)	(b)	(c)
Ípróvalíkarb	(a)	(b)	(c)
Kresoxím-metýl	(a)	(b)	(c)
Lambda-sýhalótrín	(a)	(b)	(c)
Malapíón	(a)	(b)	(c)
Maneb-flokkurinn	(a)	(b)	(c)
Mepanípýrím	(a)	(b)	(c)
Mepíkvat (**)	(a)	(b)	(c)
Metalaxýl	(a)	(b)	(c)
Metamidófos	(a)	(b)	(c)
Metíðapíón	(a)	(b)	(c)
Metíókarb	(a)	(b)	(c)
Metómýl/þíóðíkarb (summa gefin upp sem metómýl)	(a)	(b)	(c)
Mýklóbútáníl	(a)	(b)	(c)
Oxýdemetón-metýl	(a)	(b)	(c)
Parapíón	(a)	(b) (d)	(b) (d)
Penkónasól	(a)	(b)	(c)
Fosalón	(a)	(b)	(c)
Pírímíkarb	(a)	(b)	(c)
Pírímífosmetýl	(a)	(b) (d)	(b) (d)
Próklóras	(a)	(b)	(c)
Prósýmídón	(a)	(b)	(c)
Prófenófos	(a)	(b) (d)	(b) (d)
Própargít	(a)	(b)	(c)
Pýretrín	(a)		
Pýrímetaníl	(a)	(b)	(c)
Pýríproxýfen	(a)	(b)	(c)
Oxamýl	(a)	(b)	(c)
Kínóxýfen	(a)	(b)	(c)
Spíroxamín	(a)	(b)	(c)
Tebúkónasól	(a)	(b)	(c)
Þíófanatmetýl	(a)	(b)	(c)
Tebúfenósíð	(a)	(b)	(c)
Trífloxýstróbín	(a)	(b)	(c)

	2008	2009 (*)	2010 (*)
Þiabendasól	(a)	(b)	(c)
Tólklóflosmetýl	(a)	(b)	(c)
Tólyflúanið	(a)	(b)	(c)
Triademefón + Triadímenól (gefið upp sem summan af triadímenóli og triadímeffóni)	(a)	(b)	(c)
Vinklósólín	(a)	(b)	(c)
Bóskalið		(b)	(c)
Karbofúran		(b)	(c)
Klórfenvinfos		(b) (d)	(b) (d)
Sýflútrín (þ.m.t. beta-)		(b)	(c)
Dífenókónasól		(b)	(c)
Dimetómórf		(b)	(c)
Etíon		(b)	(c)
Fenoxýkarb		(b)	(c)
Fíprónil		(b)	(c)
Flúfenoxúrón		(b)	(c)
Formetanat		(b)	(c)
Línúrón		(b)	(c)
Mónókrótófos		(b)	(c)
Paraþíón-metýl		(b)	(c)
Fosmet		(b)	(c)
Pýrídaben		(b)	(c)
Tebúfenpýrat		(b)	(c)
Teflúbensúrón		(b)	(c)
Tetradífón		(b)	(c)
Þiaklópríð		(b)	(c)
Tríasófos		(b)	(c)
Própamókarb		(b)	(c)
Haloxýfóp			(c)
Flúasífóp			(c)
2,4-D			(c)
Abamektín (summa)		(b)	(c)
Akrínatrín			(c)
Bitertanól			(c)
Klórfenapýr			(c)
Klóþíanídín			(c)
Díklóran			(c)
Epoxíkónasól			(c)
Fenasakín			(c)
Fenprópímorf			(c)
Fenþíón (summa)			(c)

	2008	2009 (*)	2010 (*)
Fenvalerat/Esfenvalerat (summa)			(c)
Lúfenúrón			(c)
Metoxýfenósíð			(c)
Oxadíxýl			(c)
Pendímetalín			(c)
Fenþóat			(c)
Própíkónasól			(c)
Própýsamíð			(c)
Spinósat (summa)			(c)
Tetrakónasól			(c)
Þíametoxam			(c)
Tríflúralín			(c)
Aldrín		(d)	(d)
Asínfosetýl		(d)	(d)
Klóradan-sis		(d)	(d)
Klóradan-trans		(d)	(d)
Oxýklóradan		(d)	(d)
Klórfevínfos (summa hverfnanna)		(d)	(d)
Klórbenzílat		(d)	(d)
Sýflútrín (summa hverfnanna)		(d)	(d)
DDD-p,p'		(d)	(d)
DDE-p,p'		(d)	(d)
DDT-o,p'		(d)	(d)
DDT-p,p'		(d)	(d)
Deltametrín		(d)	(d)
Díasínón		(d)	(d)
Díeldrín		(d)	(d)
Endósúlfan-alfa		(d)	(d)
Endósúlfan-beta		(d)	(d)
Endósúlfan-súlfat		(d)	(d)
Endrín		(d)	(d)
Fenþíón		(d)	(d)
Fenvalerat/Esfenvalerat (summan af RS/SR- og RR/SS-hverfum)		(d)	(d)
Formópíón		(d)	(d)
HCB		(d)	(d)
HCH-alfa		(d)	(d)
HCH-beta		(d)	(d)
HCH-gamma (lindan)		(d)	(d)
Heptaklór		(d)	(d)
Heptaklórepóxið (sis)		(d)	(d)

	2008	2009 (*)	2010 (*)
Heptaklórepóxið (trans)		(d)	(d)
Metakrífos		(d)	(d)
Metíðapíón		(d)	(d)
4,4,-metoxýklór		(d)	(d)
Nítrófen		(d)	(d)
Parapíón		(d)	(d)
Paratíón-metýl		(d)	(d)
Parlar 26 (kampeklór)		(d)	(d)
Parlar 50 (kampeklór)		(d)	(d)
Parlar 62 (kampeklór)		(d)	(d)
Permetrín (summa hverfnanna)		(d)	(d)
Pírímífos-metýl		(d)	(d)
Prófenófos		(d)	(d)
Pýrasófos		(d)	(d)
Kvintósen		(d)	(d)
Resmetrín (summa hverfnanna)		(d)	(d)
Teknasen		(d)	(d)
Tríasófos		(d)	(d)

- a) Baunir (ferskar eða frosnar, án fræbelgs), gulrætur, agúrkur, appelsínur eða mandarínur, perur, kartöflur, hrísgrjón, spínat (ferskt eða frosið).
- b) Eggaldín, bananar, blómkál, vínber, appelsínusafi ⁽¹⁾, ertur (ferskar eða frosnar, án fræbelgs), paprikur (sætar), hveiti.
- c) Epli, höfuðkál, blaðlaukur, salat, tómatar, ferskjur, þ.m.t. nektarínur og áþekkir blendingar, rúgur eða hafrar, jarðarber.
- d) Smjör, skinka (reykt eða loftþurrkuð), egg (fljótandi eða þurrkuð).

(*) Til leiðbeiningar fyrir 2009 og 2010, eftir því hvaða áætlunum mun verða mælt með fyrir þessi ár.

(**) Klórmekvat og mepíkvat skal greina í korni (að frátöldum hrísgrjónum), gulrótum, aldingrænmeti og perum.

(***) Aðeins korn.

⁽¹⁾ Aðildarríkin skulu tilgreina uppruna appelsínusafa (úr þykni eða ferskum ávöxtum).

II. VIÐAUKI

Fjöldi sýna sem hverju aðildarríki ber að taka úr hverri vöru og greina.

Landskóði	Sýni	Landskóði	Sýni
AT	12 (*) 15 (**)	IE	12 (*) 15 (**)
BE	12 (*) 15 (**)	LU	12 (*) 15 (**)
BG	12 (*) 15 (**)	LT	12 (*) 15 (**)
CY	12 (*) 15 (**)	LV	12 (*) 15 (**)
CZ	12 (*) 15 (**)	MT	12 (*) 15 (**)
DE	93	NL	17
DK	12 (*) 15 (**)	PT	12 (*) 15 (**)
ES	45	PL	45
EE	12 (*) 15 (**)	RO	17
EL	12 (*) 15 (**)	SE	12 (*) 15 (**)
FR	66	SI	12 (*) 15 (**)
FI	12 (*) 15 (**)	SK	12 (*) 15 (**)
HU	12 (*) 15 (**)		
IT	65	UK	66

Heildarlágmarksfjöldi sýna: 642

(*) Lágmarksfjöldi sýna fyrir hverja einleifaraðferð (single residue method) sem er notuð.

(**) Lágmarksfjöldi sýna fyrir hverja fjölleifaraðferð (multi-residue method) sem er notuð.